

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2017 - 2018

Hlutverk LUF:

1. Að vera samstarfs- og samráðsvettvangur frjálsra ungmennafélaga sem starfar óháð pólitískum, trúarlegum og efnahagslegum þrýstingi.
2. Að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra ungmennafélaga og vera málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum.
3. Að efla ungmennastarf og umræðu um málefni ungs fólks á Íslandi.
4. Vera fulltrúi aðildarfélaganna í margvíslegu alþjóðasamstarfi.
5. Að framkvæma samkvæmt vilja aðildarfélaganna og veita þeim ekki samkeppni í starfi þeirra.

Markmið LUF:

1. Að tala fyrir hagsmunum ungs fólks á Íslandi.
2. Að vernda og efla réttindi ungs fólks og bregðast við þegar þau eru virt að vettugi.
3. Að stuðla að valdeflingu ungs fólks í samfélaginu.
4. Að efla samstarf og miðlun upplýsinga meðal aðildarfélaga.
5. Að veita aðildarfélögum upplýsingar um málefni og félagsstörf ungs fólks á innlendum sem og erlendum vettvangi.
6. Að efla samskipti og samvinnu ungs fólks á Íslandi við ungt fólk um heim allan.
7. Að koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna þegar um sameiginleg hagsmunamál þeirra er að ræða,
8. Að vera málsvari aðildarfélaga gagnvart alþjóðlegum stofnunum og samtökum þegar þess er þörf.
9. Að stuðla að umræðu og þekkingarsköpun um málefni ungs fólks.

Þessi hlutverk og markmið ætla LUF að rækja með því að starfa sem öflugt hagsmunafélag ungs fólks á Íslandi. Stjórn hefur sett sér sértækari og mælanlegri markmið til að þjóna tilgangi sínum og vinna að ofangreindum markmiðum sambandsins.

Framkvæmdaáætlun 2017-2018 skiptist í fimm meginstoðir: 1) lögbundna ábyrgð 2) samfélagsþátttöku 3) valdeflingu 4) sjálfstæð ungmennafélög og 5) alþjóðastarf. Sértæk markmið stoðanna miðast við lög, stefnu og alþjóðlegar skuldbindingar.

1. Lögbundin ábyrgð

Lögbundin ábyrgð stjórnar er grunnstoð félagsins og skal stjórn standa undir þeirri ábyrgð undantekningalaust. Stjórn er skylt að uppfylla neðangreind markmið í því skyni að skapa fullnægjandi vettvang fyrir aðildarfélögin til að ræða mikilvæg mál er snerta starfsemi frjálsra félagasamtaka sem stýrt er af ungu fólki og í þágu ungs fólks.

Skyldur stjórnar:

❑ 1.) Halda stjórnarfundum hálfsmánaðarlega

Stjórnarfundir skulu haldnir hálfsmánaðarlega. Þar tekur stjórn ákvarðanir um þau mál sem til umræðu eru hverju sinni, fylgir eftir yfirstandandi verkefnum, ræðir þær hugmyndir sem upp koma ásamt því að sinna verkefnum og daglegum störfum LUF í samræmi við framkvæmdaáætlun þessa.

❑ 2.) Halda fjóra fulltrúaráðsfundi á starfstímabilinu

Fulltrúaráð LUF fer með æðsta vald félagsins milli Sambandsþinga. Vettvangurinn skal notaður til þess að miðla upplýsingum um þau verkefni sem félagið er að vinna, taka þau til umræðu og móta hugmyndir að nýjum verkefnum eftir þörfum. Fulltrúaráðsfundir skulu gegna því hlutverki að virkja aðildarfélög LUF í gegnum fulltrúa sína. Fulltrúaráð fundar í það minnsta fjórum sinnum á ári.

❑ 3.) Halda Sambandsþing

Árlegt Sambandsþing LUF verður haldið í lok febrúar ár hvert. Þar er lögð rík áhersla á umræðu- og tillögurétt aðildarfélaga, starfsemi þeirra og LUF. er til umræðu. Þar eiga sæti þrjú fulltrúar frá hverju aðildarfélagi LUF.

2. Samfélagsþátttaka

Í stefnu LUF sem samþykkt var á sambandsþingi 2017 er samfélagsþátttaka ungs fólks ein af megináherslunum. Þar kemur fram að LUF hafi verulegar áhyggjur af samfélagsþátttöku ungs fólks, skorti á upplýsingum og andvaraleysi stjórnvalda í þeim málaflokkum. Þá er sérstök áhersla lögð á lýðræðislega borgaravitund ungmenna, þátttöku þeirra í kosningum og lækkun kosningaaldurs.

Markmið stjórnar:

❑ 4.) Gefa út skýrslu um #ÉgKýs verkefnið

Í samvinnu við Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) mun LUF koma til með að gefa út viðamikla skýrslu um #ÉgKýs verkefnið: Um mikilvægi þess, aðdraganda, markmið, aðferðir, undirbúning, framkvæmd og árangursmat. Þar að auki verða lagðar fram tillögur til framtíðar út frá þeim lærdómi sem draga má af verkefninu. Er þetta gert til þess að safna saman upplýsingum og varðveita þá reynslu sem verkefnið hefur skapað um lýðræðisþátttöku og

kosningahegðun ungs fólks á Ísland. Skýrslan skal vera reiðubúin á fyrsta ársfjórðungi stjórnar, þ.e. fyrir lok maí.

❑ 5.) Eftirfylgni

Í samstarfi við SÍF og fræðasamfélagið mun LUF leggja kapp á að meta árangur #ÉgKýs verkefnisins með vísindalegum hætti svo hægt sé að sýna fram á með hvaða hætti og að hvaða leyti verkefnið bar árangur. Einnig er eftirfylgnirannsókn mikilvæg til samanburðar í framtíðinni. Eftirfylgnin mun einnig felast í að fylgja á eftir umræðum sem hefur skapast í samfélaginu m.a. á Alþingi.

❑ 6.) Undirbúa #ÉgKýs 2018

Í samstarfi við SÍF og aðra viðeigandi hagsmunaaðila mun LUF leggja töluverða vinnu við að undirbúa #ÉgKýs 2018. Þá verður lögð sérstök áhersla á að tryggja nægt fjármagn fyrir verkefninu sem núverandi stjórn leggur til að verði framkvæmt samhliða sveitarstjórnarkosningunum 2018.

❑ 7.) Lækkun kosningaaldurs

LUF mun beita sér fyrir lækkun kosningaaldurs í 16 ár. Í því felst m.a. ritun umsagna með þingsályktunum og frumvörpum og að fylgja þeim málum fast á eftir. Þá skal stjórn LUF sækjast eftir gögnum og reynslu frá öðrum löndum, t.a.m. Eistlandi þar sem kosningaaldur hefur þegar verið færður niður í 16 ára aldur.

3. Valdefling

Önnur megináherslan í stefnu LUF er að leggja áherslu á valdeflingu ungs fólks og að ungu fólki sé tryggt sæti við borðið þegar það kemur að ákvarðanatöku. Þá er lögð sérstök áhersla á stjórnmalapátttöku, sjálfböðastarf, atvinnumöguleika, mat á óformlegu námi, margbreytilega rödd ungs fólks og aðgengi jaðarsettra hópa.

Markmið stjórnar:

❑ 8.) Vera stefnumótandi og hafa áhrif á ákvarðanatöku

LUF mun beita sér af fremsta megni við að tryggja aðkomu fjölbreyttra hópa ungs fólks að ákvarðanatöku og stefnumótun, sér í lagi að málefnum er snerta ungt fólk. Þá mun LUF koma til með að vakta það sem fer fram á Alþingi og senda inn umsagnir ef um baráttumál LUF er að ræða. Þá mun LUF jafnframt berjast fyrir því að fá aðkomu að þeim nefndum/ráðum þegar kemur að stefnumótun í málefnum ungs fólks og framkvæmdaáætlun hennar. Þá mun LUF hvetja aðildarfélög til að senda inn umsagnir vegna þingmála til að auka aðkomu þeirra að nefndarstörfum Alþingis.

❑ 9.) Rekstur leiðtogaskóla

LUF mun standa fyrir virku námskeiðahaldi auk fræðslu um málefni og starfsemi ungmennafélaga. Í leiðtogaskólanum verður boðið upp á ýmis námskeið sem nýtast starfi aðildarfélaganna og meðlimum þeirra, sem og heildstætt nám fyrir þá sem það kjósa. LUF mun beita sér í að slíkt nám verði

metið með viðunandi hætti þannig að það auki samkeppnishæfni ungs fólks á vinnumarkaði. Lagt er upp með að námskeiðin auki getu meðlima aðildarfélaga til að sinna hagsmunagæslu og hafi valdeflandi áhrif á leiðtogaþæfni þeirra.

❑ 10.) Stuðla að aðgengi og jöfnum tækifærum

Í öllu starfi LUF verður lögð rík áhersla á að ná til jaðarsettra ungmenna og að rödd sem flestra hópa ungs fólks heyrst innan félagsins. Þetta mun LUF gera m.a. með tilraun til að fjölga aðildarfélögum og óska eftir samstarfi með félögum sem vinna með ólíkum hópum ungs fólks.

4. Sjálfstæð ungmennafélög

Fjórða megináherslan í stefnu LUF er að leggja áherslu á að vinna að sjálfstæði ungmennafélaga. Er þessi áhersla jafnframt ein megináhersla Evrópska ungmennavettvangsins (e. European Youth Forum). Þá er þar sérstaklega átt við mikilvægi þess að stjórnvöld styðji við hagsmuna- og félagsstörf ungs fólks, bæði félags- og fjárhagslega.

Markmið stjórnar:

❑ 11.) Starfrækja skrifstofu

LUF mun einbeita sér að því að veita aðildarfélögum sínum stuðning, aðstoð og ráðgjöf í starfsemi sinni. Það verður gert með rekstri skrifstofu, sem er bæði þjónustumiðstöð fyrir aðildarfélögin og höfuðstöðvar allrar starfsemi LUF, ásamt opnu aðgengi að starfsmanni félagsins.

❑ 12.) Uppbygging innviða

LUF mun beita sér fyrir uppbyggingu innviða sambandsins í því skyni að hafa getu til að þjónusta aðildarfélögin til aukins sjálfstæðis. Verkferlar og vinnulag innan sambandsins verða endurbættir sem og samskipti á milli aðildarfélaganna. Þessu mun LUF ná fram með endurbættri heimasíðu, gera hana aðgengilegri og koma á fót upplýsingaveitu fyrir aðildarfélög á henni.

❑ 13.) Útgáfa handbókar

Frá árinu 2014 hefur LUF í samvinnu við Samband Íslenskra framhaldsskólanema unnið að gerð handbókar um störf, rekstur og stjórnun félagasamtaka ungs fólks. Mikil eftirspurn hefur verið eftir slíku hagnýtu uppflettiriti, þá sérstaklega frá nýlegum ungmennafélögum og nemendafélögum framhaldsskólanna.

❑ 14.) Beita sér fyrir auknum fjáruþlutunum

Stjórn LUF mun koma til með að beita sér fyrir auknum og jöfnum framlögum hins opinbera til ungmennafélaga. Þá mun stjórnin krefjast þess að rekstrargrundvöllur LUF sé tryggur og fyrirsjáanlegur ásamt því að aðstoða aðildarfélög við slíkt hið sama.

❑ 15.) Berjast gegn ójöfnum fjárlutunum

LUF mun beita sér gegn hvers lags ójöfnuði við úthlutun styrkja úr samkeppnissjóðum sem ungmenna- og æskulýðsfélög geta sótt í. Þá mun LUF beita sér fyrir því að félög sem ekki eru á fjárlögum hafi forgang að slíkum styrkjum enda hafa þau minna bolmagn til að standa straum af sinni starfsemi.

❑ 16.) Gera allsherjar úttekt á fjárhagsstöðu aðildarfélaganna

Á sambandsþingi LUF kom fram tillaga frá þingfulltrúum þess efnis að stjórn taki saman allsherjar úttekt á fjárhagsstöðu aðildarféлага. Kom þessi tillaga til eftir að ljóst var að mörg félög stríða við mannauðs- og fjárhagsskort. Mun stjórn koma til með að ljúka þeirri vinnu fyrir lok starfsárs.

❑ 17.) Tala fyrir endurskoðun á Æskulýðslögum

Þar sem Æskulýðslög frá árinu 2007 samrýmast LUF og aðildarfélögum þess illa mun sambandið beita sér fyrir endurskoðun á lögnum í heild, ásamt þeim skilgreiningum sem þar er að finna. Lítur LUF svo á að án endurskoðunar sé torvelt fyrir félagið að starfa í málaflöknum og ná markmiðum sínum. Þegar hefur farið fram umræða um þörf á lagabreytingum á Alþingi. Stjórn mun því halda þeirri umræðu á lofti með ritun ályktana auk þess að þrýsta á þingmenn og ráðherra.

5. Alþjóðastarf

LUF er aðili að Evrópska ungmennavettvangnum (YFJ) og hefur því skyldum að gegna gagnvart þeim heildarsamtökum. LUF er jafnframt aðili að Norðurlanda- og Estrasaltsríkjabandalaginu „Nordic Baltic Cooperation“ (NBC) og gegnir þar formennsku. LUF hefur alltaf lagt ríka áherslu á alþjóðlega samvinnu, en út af takmörkuðum fjárráðum hefur LUF því miður ekki haft færi á að vera jafn virk og önnur Evrópulönd í alþjóðastarfi og hefur þurft að láta mörg tækifæri framhjá sér fara.

Markmið stjórnar:

❑ 18.) Auka samstarf við hagsmunaaðila

LUF mun óska eftir auknu samstarfi við aðildarfélög sín sem beita sér sérstaklega í alþjóðamálum, sem og annarra aðila eins og t.d. Utanríkisráðuneytið og Norræna félagið. Með þessu væri hægt að styrkja getu LUF til að beita sér á alþjóðavettvangi, miðla upplýsingum og koma í veg fyrir mögulegan tvíverknað.

❑ 19.) Stofna alþjóðadeild

Á kjörtímabilinu 2016-2017 var ljóst að erfitt er fyrir félög eins og LUF sem stríða við skort á mannauði að halda utan um allt sem viðkemur alþjóðastarfi. Til að anna álaginu og til þess að tryggja meiri aðkomu aðildarfélaganna og sýnileika LUF erlendis verður stofnuð alþjóðadeild innan fulltrúaráðs til að

miðla tækifærum erlendis, til ráðgjafar, stuðnings og virkrar þátttöku við stefnumótun og ákvarðanatöku í Evrópu.

❑ **20.) Halda alþjóðlega ráðstefnu**

LUF mun leitast eftir áhuga NBC til þátttöku á alþjóðlegri ráðstefnu um starfsemi landssambanda ungmennafélaga, til að gera samanburð og læra af reynslu annarra landa. Vegna þess að LUF er eftirbátur nágrannaríkjanna myndi slík ráðstefna koma sér vel til að styrkja innviði og sjálfstæði sambandsins.

Í samráði við fulltrúaráð hefur stjórn og starfsfólk LUF heimild til að takast á við tilfallandi verkefni sem samræmast hlutverki, markmiðum og stefnu LUF.